

Miðvikudaginn 30. október 1940.

Nr. 81/1940. Ólafur Jónsson

gegn

Bæjarsjóði Reykjavíkur.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Ólafur Jónsson, er eigi mætir í málinu, greiði 50 króna aukgjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Föstudaginn 1. nóvember 1940.

Nr. 82/1940. Valdstjórnin (Jón Ásbjörnsson)

gegn

Ásgeiri Ingimar Ásgeirssyni

(Lárus Jóhannesson).

Áfengislagabrot. Sala blandaðs suðuspritts.

Dómur hæstaréttar.

Samkvæmt málavöxtum þeim, sem greindir eru í hinum áfrýjaða dómi, hefir kærði gerzt sekur um brot á ákvæðum 15. gr. áfengisлага nr. 33 frá 1935. Hann hefir einu sinni áður sætt refsingu fyrir ólöglega áfengissölu, og varðar því brot hans nú við síðari málslið fyrri málsgreinar 33. gr. nefndra laga. Varðhaldsrefsing verður hins vegar ekki dæmd, þar sem nefnda 33. gr. þykir verða að skýra með hliðsjón af tilorðningu 15. gr. laga nr. 91 frá 1917, sem hefir að þessu leyti samskonar ákvæði að geyma, á þá leið, að varðhaldsrefsingu beri ekki

að beita, fyrr en við þriðja brot, ef sala hefir ekki farið fram í atvinnuskyni.

Refsing kærða þykir hæfilega ákveðin 400 króna sekt til menningarsjóðs, og komi í stað sektarinnar 20 daga varðhald, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um greiðslu sakarkostnaðar í héraði eiga að vera óröskuð.

Kærða ber að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 50 krónur til hvors.

Þvi dæmist rétt vera:

Kærði, Ásgeir Ingimar Ásgeirsson, greiði 400 króna sekt til menningarsjóðs, og komi 20 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um greiðslu sakarkostnaðar í héraði eiga að vera óröskuð. Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Jóns Ásbjörnssonar og Lárusar Jóhannessonar, 50 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 12. ágúst 1940.

Ár 1940, mánudaginn 12. ágúst, var í lögreglurétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu sakadómara af fulltrúa hans Valdimar Stefánssyni, uppkveðinn dóm-

ur í málinu nr. 1629/1940: Valdstjórnin gegn Ásgeir Ingimar Ásgeirssyni, sem tekið var til dóms 7. sama mánaðar.

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Ásgeir Ingimar Ásgeirssyni kaupmanni, Laugaveg 55 hér í bæ, fyrir brot gegn áfengislögum nr. 33 9. janúar 1935. Kærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, kveðst fæddur 26. apríl 1879, og hefir, svo kunnugt sé, sætt þeim kærum og refsingum, er nú verða taldar:

1929 % Sátt, 30 kr. sekt fyrir brot á reglugerð um lokun sölubúða.

1930 $3\frac{1}{10}$ Áminning fyrir samskonar brot.

1939 $2\frac{1}{4}$ Sátt, 200 kr. sekt fyrir áfengissölu.

1939 $2\frac{1}{4}$ Sátt, 25 kr. sekt fyrir brot á reglugerð um lokun sölubúða.

Sunnudaginn 9. júní s. l. fór maður að nafni Loftur Georg Jónsson, til heimilis á Lindargötu 8 hér í bæ, heim til kærða. Hann hitti kærða að máli og bað hann um brennivín, en kærði kvaðst ekki hafa það og aldrei hafa haft það til sölu. Þá spurði Loftur Georg kærða, hvort hann hefði þá ekki eitthvað annað, og sagðist kærði þá hafa „dúndur“. Bað Loftur Georg kærða þá að láta sig hafa það. Kærði fór þá inn í sölubúð sína, sem er í sama húsinu, Laugaveg 55, lét 100 grömm af brennsluspiritus á pela undan whisky og fyllti síðan pelann af „póló“, sem mun vera gosdrykkur. Seldi kærði síðan Lofti Georg pelann með blöndu þessari fyrir 3 krónur.

Við efnarannsókn reyndist alkóhólinnihald blöndu þessarar 25,0% eftir rúmmáli.

Af því, hvernig Loftur Georg setti fram beiðni sína um „dúndrið“, hlaut kærða að vera það ljóst, að hann ætlaði að nota það til drykkjar, og með því að blanda brennsluspiritusinn með gosdrykk þykir ljóst, þó að ekki liggi fyrir vottorð sérfræðings um það, að brennsluspiritusinn sé þar með gerbreytt vara og ónothæf eða illnothæf til þeirra hluta, sem hún er ætluð. Þó að sala brennsluspiritus sé lögleyfð, er ekki þar með sagt, að hún sé heimil, sé spiritusinn blandaður öðrum efnum og ætlaður til drykkjar.

Eftir því, hvernig sölu kærða á margnefndum pela var háttað, þykir verða að telja kærða hafa með henni gerzt sekan um áfengissölu. Hefir hann þar með brotið

15. sbr. 33. gr. áfengislaganna nr. 33 1935, og þykir refsing hans með tilliti til þess, að hann hefir einu sinni áður gerzt sekur um áfengissölu, hæfilega ákveðin 5 daga varðhald og 400 króna sekt til menningarsjóðs, og komi 20 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Kærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs talsmanns síns, hrm. Lárusar Jóhannessonar, kr. 35.00.

Rekstur málsins hefir verið vítalaus.

Þvi dæmist rétt vera:

Kærði, Ásgeir Ingimar Ásgeirsson, sæti 5 daga varðhaldi og greiði 400 króna sekt til menningarsjóðs, og komi 20 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa. Hann greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs talsmanns síns, hrm. Lárusar Jóhannessonar, kr. 35.00.

Dóminum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 4. nóvember 1940.

Nr. 42/1940. Egill Jónasson (Theódór B. Línal)
gegn

Albert Bjarnasyni
(Sveinbjörn Jónsson).

Ómerking vegna galla á sáttameðferð.

Dómur hæstaréttar.

Þann 25. marz 1939 lét stefndi hér fyrir dómi, Albert Bjarnason, kveðja Einar Jónasson, þann er í héraðsdómi getur, á sáttafund „til þess að fá hann fyrir hönd eiganda nefndrar bifreiðar (þ. e. G. K. 113) og hlutaðeigandi váttryggingarfélags“ til að